Tilraunir með rými

MYNDLIST

Listasafn Reykjavíkur – Kúlan, Ásmundarsafni

RÝMISINNSETNING
EYGLÓ HARÐARDÓTTIR

Opið alla daga frá 13–16. Sýningu lýkur 11. maí.

Gallerí Hlemmur

RÝMISINNSETNING
THOMAS BROOMÉ

Opið fimmtudaga til sunnudags frá 14–18. Sýningu lýkur 27. apríl.



Frá sýningu Eyglóar Harðardóttur í Kúlunni.



Óvættir skríða meðfram veggjum Gallerís Hlemms.

ÞAÐ hefur lengi verið vandamál fyrir íslenskan myndlistarheim að framsækin og tilraunakennd gallerí þrífast ekki hérlendis. Listasöfnin hafa á sinn hátt verið að bregðast við þessari vöntun á tilraunagalleríum. Listasafn Íslands hefur opnað lítið sýningarrými í kjallaranum og eins og fram kemur í bæklingi safnsins er ætlað að kynna þar íslenska myndlistarmenn af yngri kynslóðinni. Þremur sýningum hefur þegar verið ráðstafað og eru allir sýnendurnir reyndar á fimmtugsaldri. Í Listasafni Reykjavíkur eru sams konar áform í gangi með gamla skrifstofuhúsnæðið á Kjarvalsstöðum og ýmiskonar smærri verkefni sem eru á vegum safnsins gefa möguleika á framsækinni tilraunastarfsemi. Helst eru það þrjár sýningar sem Listasafn Reykjavíkur hefur staðið fyrir í Kúlunni í Ásmundarsafni, þar sem myndlistarmennirnir Tumi Magnússon, Finnbogi Pétursson og Eygló Harðardóttir hafa verið fengin til að gera staðbundin listaverk. Vel heppnaðar sýningarnar hafa endurvakið athygli á þessu sérstaka húsi Ásmundar og því tvöfaldur vinningur fyrir safnið. Listamennirnir fá greiddar 150.000 krónur fyrir vinnu sína. Kannski ekki hæsta kaup sem um getur fyrir skapandi vinnu, en stórt skref í rétta átt sem Listasafn Íslands mætti taka til fyrirmyndar með sýningarnar í kjallaranum þar sem sýnendur sjá um allan efniskostnað sjálfir.

Þessi smærri verkefni hjá listasöfnunum eru gott framtak en koma þó aldrei í staðinn fyrir starfsemi tilraunagallería enda eru söfnin opinberar stofnanir og hafa öðrum skyldum að gegna en gallerí. Það uppbyggingarstarf sem fram fer í tilraunakenndum galleríum snýst um að ögra ríkjandi gildum og efla hinn skapandi huga sem nauðsynlegt er svo framvinda verði á menningu okkar. Slík starfsemi er öllu samfélaginu til góða þótt hagnaðurinn sé ekki tölfræðilega borðleggjandi. Meginástæðan fyrir því að gallerí þrífast ekki hérlendis er sú að allt of fáir safna framúrstefnulist og því þarf fjárstuðning frá hinu opinbera sem ekki er veittur nema í litlum mæli. Ekki virðist þó skortur vera á peningi til menningarstarfsemi þegar viljinn er fyrir hendi, allavega ekki af hálfu borgaryfirvalda í Reykjavík sem nýverið veittu um 80 milljóna króna fjárstyrk til Péturs Arasonar listaverkasafnara til reksturs nýs safns. Má vel fagna því að listaverkasafn Péturs verði opið almenningi en maður hugsar þó hvort verið sé að forgangsraða úthlutun styrkja á réttan hátt. Mundi það t.d. gjörbylta myndlistarsenunni á Íslandi ef tilraunagallerí fengju brot af þessari upphæð til umráða.

Coca Cola og engisprettur

Gallerí Hlemmur er tilraunagallerí sem til þessa hefur verið rekið í sjálfboðastarfi. Það er nú á fjórða starfsári og hefur á þeim tíma verið mikilvægur hlekkur í myndlistarflóru Reykjavíkur, auk þess að vera upplyfting fyrir svæðið umhverfis Hlemm sem ekki telst til betri hluta borgarinnar. Undanfarið hefur galleríið komist í ágætt samband við Svíþjóð. Nýlega sýndu sex íslenskir myndlistarmenn á vegum Gallerís Hlemms í Sollentunna-myndlistarmessunni í Stokkhólmi og að auki var þar kynning á öllum þeim listamönnum sem hafa sýnt í galleríinu. Þá hafa tveir sænskir listamenn komið hingað til lands á vegum gallerísins og sýnt verk sín. Fyrst Elin Wikström í fyrrasumar og nú Thomas Broomé sem um þessar mundir sýnir rýmisinnsetninguna „Locust“, sem samanstendur af um 600 engisprettum sem listamaðurinn gerði úr kókdósum.

Það er heldur ógnvænleg tilfinning sem fer um líkamann þegar maður stendur í sýningarrýminu og horfir á fryst augnablik af Coca Cola engisprettum skríða út um göt eða sprungur á veggjum og lofti gallerísins og um leið heyra hljóðupptöku sem gefur til kynna mikinn fjölda engisprettna skríðandi á milli veggjanna. Innan skamms má ætla að rýmið fyllist af Coca Cola engisprettum sem eflaust éta mann eins og í einhverri B-mynda hrollvekju á borð við The Swarm, Demnation Alley eða The Attack of the killer tomatoes. Þessi innsetning er þó ekki bara leikmynd til að skapa ógnvænlega tilfinningu heldur er þetta myndlíking á áhrifum fjöldaframleiðslu og sem slík nokkuð hittin ádeila á Ameríkuvæðinguna sem riðið hefur yfir jarðkringluna síðan heimsstyrjöldinni síðari lauk. Með því að nota Coca Cola dósir er Broomés einnig að endurnýta framleiðsluvöru sem undir eðlilegum kringumstæðum færi í annars konar endurvinnslu en sjá má í Gallerí Hlemmi og snertir því umhverfismál samtímans.

Dægurmál kúlunnar

Sýning Eyglóar Harðardóttur í Kúlunni í Ásmundarsafni er rýmisinnsetning eins og verk Broomés, en þar sem Broomés aðlagar tilbúið listaverk sýningarrýminu hugleiðir Eygló á tómt rýmið og skapar listaverk út frá því. Þannig hefur háttur inn verið á í þeim þremur sýningum sem hafa verið í Kúlunni. Fyrst var það Tumi Magnússon sem varpaði myndbandsupptöku upp í hvelfinguna, síðan Finnbogi Pétursson sem vann með hljóð sem magnast upp í slíkum hvelfingum og nú Eygló Harðardóttir sem vinnur út frá veggjum Kúlunnar. Eygló skapar innsetningu sem vinnur í mótvægi við lögun sýningarrýmisins. Hún hefur smíðað fjóra veggi úr einangrunarfrauði, sem dempa ýkt hljóðið sem er í rýminu, og stillir þeim upp á milli glugga Kúlunnar. Hún vinnur síðan á hvern vegg með málningu, ljósmyndum og ljósritum sem hún tekur úr tímaritum. Hver veggur hefur sína mynd eða þema. Á einum veggnum tekur hún fyrir drauma, aðra tvo veggi málar hún í fánalitunum og vinnur með þjóðlegt þema, íslenska hestinn og hálendið, og síðasta veggin málar hún í jarðbundnum litum og sýnir gervihnattamyndir af Írak og myndir af áhöfn geimfarsins Kólumbíu sem fórst fyrir skömmu.

Eygló tekur fyrir dægurmál eins og tíðkaðist í popplist sjötta og sjöunda áratugarins. Áhrif popplistarinnar eru áberandi í samtímalistum. Sem dæmi þá á verk Thomas Broomés margt skylt við „Harðkjarna“ popplist (Hardcore pop) en innsetning Eyglóar sver sig í ætt við popplistamenn sem komu í kjölfar abstrakt expressjónismanns, Robert Rauschenberg sem dæmi. Við lifum á upplýsingaöld og því telja margir listina stefna í að vera meira og meira um beinar upplýsingar. Er innsetning Broomés til merkis um það. Myndlíking, efnisval og framsetning liggja skýrt fyrir og túlkunin nokkuð gefin. Vinnubrögð Eyglóar eru aftur á móti ósjálfráð, innsæi umfram rökræna útfærslu, og gera kröfur til listneytandans um að vera skapandi þátttakandi í upplifun á listaverkinu.

Jón B.K. Ransu

